

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Reykjavík 9. mars 2021
UST202102-186/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Vesturbyggðar 2019 - 2035 – Heildarendurskoðun.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 10. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins.

Náttúruverndarsvæði

Í forsendum tillögunnar í kafla 1.6 segir að á skipulagssvæðinu séu tvö náttúruverndarsvæði og níu svæði á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að náttúruverndarsvæði eru skilgreind í 17. tl. 5. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Undir hugtakið falla í fyrsta lagi friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda sem vernduð eru skv. 1. mgr. 56. gr. Í öðru lagi svæði og náttúrumyndanir á B- og C-hluta náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr. Loks í þriðja lagi afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Í forsendum tillögunnar í kafla 2.5.4. er fjallað um náttúruverndaráætlun. Umhverfisstofnun bendir á að fjallað er um náttúruverndaráætlun kafla VIII í eldri náttúruverndarlögum nr. 44/1999. Tvær náttúruverndaráætlanir voru gefnar út samkvæmt eldri lögum en þær hafa báðar runnið út. Ráðherra er hins vegar heimilt samkvæmt bráðabirgðaákvæði náttúruverndarlaga að friðlýsa áfram þau svæði og tegundir sem eru á náttúruverndaráætlunum. Í kafla VI í núgildandi náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað í framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun. B-hluti: Framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Framkvæmdaáætlun hefur ekki verið samþykkt.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í greinargerð er vitnað í eldri náttúruverndarlög nr. 44/1999 en þau féllu á brott með núgildandi náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir því að vísa ætti því til gildandi laga.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð er fjallað um þau vistkerfi og jarðminjar sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og mynd 22 sýnir útbreiðslu þeirra. Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að aðalskipulagið sé í samræmi við ákvæði laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að innan frístundabyggðarinnar við Tagl (F5) er votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að tekið sé tillit til votlendis við uppbyggingu að Hnjóti.

Í deiliskipulagi frá árinu 2013 fyrir Dufansdal (F6) segir óheimilt er að raska birkiskógi nema þar sem byggja á hús og vegi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þegar skipulagssvæði ná til vistkerfa og jarðminja, sem falla undir sérstaka vernda náttúruverndarlaga, að sett sé skipulagsákvæði þar sem tekið er tillit til þeirra í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Birkiskógur

Í forsendum tillögunnar á bls. 12 segir að ekki sé til opinber íslensk skilgreining á því hvað telst vera birkiskógur. Umhverfisstofnun bendir á að birkiskógar eru skilgreindir í lögum nr. 33/2019 um skóga og skógrækt. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáanar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæosp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Látrabjarg

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þann 2. mars 2021 undirritaði umhverfis- og auðlindaráðherra friðlýsingu Látrabjargs í Vesturbyggð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlunin fjalli um svæðið á grundvelli friðlýsingarinnar og taki tillit til friðlýsingarákvæða svæðisins.

Þjóðgarður á Vestfjörðum

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þann 26. febrúar var auglýst tillaga að friðlýsingarskilmálum fyrir nýjan friðlýstan þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum. Umhverfisstofnun telur það æskilegt að minnst sé á tilvonandi þjóðgarð í aðalskipulagi Vesturbyggðar.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæði laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó, auk jökla). Þau mynda ramma utan um aðra löggjöf er varðar verndun vatns. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir fóru í opinbera kynningu í desember 2020 og er áætlað að hún verið staðfest 2022.

Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ýmiss konar landnotkun getur haft neikvæð áhrif á ástand vatnshlota. Umhverfisstofnun bendir á að smávirkjanir flokkast sem

vatnsformfræðilegt álag á vatnshlot, en slíkt álag getur haft áhrif og valdið vistfræðilegum breytingum á ástand vatnshlotsins.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skilgreindir eru þeir gæðapættir sem skal nota við mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlota og viðmiðunarmörk flestra þessara gæðapátta hafa verið skilgreindir fyrir straum- og stöðuvötn í skýrslunni: „*Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi*“. Gögn, sem mun verða safnað á næstu árum, verða jafnóðum sett inn í upplýsingakerfið og birtast þar í vefsíðni (<https://vatnavefsja.vedur.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Loftslagsmál og loftgæði

Umhverfisstofnun bendir á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði, sem nefnist „Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029“, þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi. Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Úrgangur og svæðisáætlun

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur birt í samráðsgátt stjórnvaldastefnuendrög um meðhöndlun úrgangs sem nefnist í átt að hringrásarhagkerfi sem stefnt er að klára árið 2021. Frestur til að skila inn athugasemdum í gegnum samráðsgátt var til 23. febrúar sl. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að hægt er að vísa til aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum þegar rætt er um að draga úr urðun lífræns úrgangs en þar eru settar fram aðgerðir um bann við urðun lífbrjótanlegs úrgangs.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Jafnframt kemur fram að svæðisáætlun skuli fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir og að þar skuli m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á viðkomandi svæði, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og upplýsingar um hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir.

Umhverfisstofnun bendir á að skýr skylda sveitarstjórna til að skila inn svæðisáætlun sveitarfélaga hefur verið í lögum frá árinu 2014, með lögum nr. 63/2014 um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem í 6. grein er kveðið á um svæðisáætlanir. Í 4. gr. reglugerð nr. 969/2014 um breytingu á reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, er fjallað um 9. gr. sem kveður á um *svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs*. Í eldri útgáfu reglugerðar árið 2003 var einnig ákvæði í 8. gr. um skyldu sveitarstjórna til að skila inn áætlunum sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs.

Efnistaka

Í greinargerð segir að landeiganda sé heimilt að taka efni til eigin nota án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi. Landeigandi hefur þó ekki leyfi til að taka efni sem er á verndarsvæðum. Í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um framkvæmdaleyfi segir: „Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.“

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er með orðalaginu, til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og kröfur um hreinsun skólps verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að álag (mengun) við strendur, í ám og stöðuvötnum vegna skólps hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er og hvaða leiðir verða farnar .

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, s.s. frá frístundasvæðum, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum (bls. 19). Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er - hreinsivirki- sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi (bls. 39).

Í greinargerð á bls. 57 segir: „Öll byggð skal nota viðurkenndar rotþrær með tveggja þrepa hreinsibúnaði.“ Umhverfisstofnun telur ákvæðið vera óljóst. Að mati stofnunarinnar væri æskilegt að aðgreina dreifbýli og þéttbýli. Öll hús í þéttbýli skulu tengd fráveitukerfi sveitarfélags sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Öll hús í dreifbýli og innan þéttbýla sem ekki eru enn tengd fráveitukerfi sveitarfélags skulu vera með tveggja þrepa hreinsun. Umhverfisstofnun telur að nota ætti frekar skilgreininguna „tveggja þrepa hreinsun“ heldur en rotþró því hún ein og sér uppfyllir ekki kröfur reglugerðar um fráveitur og skólþ. Auk þess eru í dag til margs konar hreinsivirki sem uppfylla líka kröfurnar en eru ekki rotþró.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að í drögum að aðalskipulagi Vesturbyggðar segir að aðilar sem skila frá sér mikið menguðu frárennsli marki sér sameiginlega stefnu í

samstarfi við sveitarfélagið um að hreinsa skólþ innan lóðar sem síðan er leitt út í almennt kerfi sveitarfélagsins og út í viðtaka. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að Heilbrigðisnefndir og Umhverfisstofnun hafa þegar heimildir í lögum til að setja kröfur í starfsleyfi mengandi fyrirtækja um hreinsun á fráveituvatni, hvatt er til þess að samstarf verði haft við þær stofnanir.

Samgöngur

Í greinargerð er farið yfir álit Skipulagsstofnunar varðandi Vestfjarðaveg. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að stofnunin veitti umsögn varðandi framkvæmd Vestfjarðavegar um Dynjanda og Bíldudalsveg til Skipulagsstofnunar dags. 21. janúar 2020. Hægt er að nálgast umsögnina inni á heimasíðu stofnunarinnar www.ust.is.

Í greinargerð eru lagðir fram valkostir sem sýna veglínu sem mun þvera Bíldudalsvog. Í tillögunni kemur fram að valkostirnir geta haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér með röskun á leirum og fuglalífi. Umhverfisstofnun bendir á að innri-leiðin mun raska leirum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og bendir stofnunin á þann valkost að hafa innri- leiðina innar og á landi til að forðast rask leiranna.

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við vinnslu skipulagstillögunnar að stofnunin fái aðgang að stafræna kortagrunninum og verði haft samráð við stofnunina við gerð tillögu að vegaskrá.

Óbyggð víðerni

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Í greinargerð er fjallað um verndun víðerna og skilmála um stakar framkvæmdir, en þar segir: „*Leitast skal við að staðsetja stök mannvirki þannig að þau falli að landi og skerði ekki víðerni*“. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu samanber markmið náttúruverndarlaga.

Stakar framkvæmdir

Í greinargerð er fjallað um stakar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum. Umhverfisstofnun telur jákvætt að gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar eftirfarandi stakar framkvæmdir verða heimilaðar.

Umhverfisstofnun bendir á að litlar virkjanir geti haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér líkt og vatnsaflsvirkjanir þar sem rask vegna framkvæmda getur verið mikið þó svo

að umfang virkjunar sé talið lítið. Í því felst að gert sé ráð fyrir stíflu, miðlunarlóni, lögnum, vegagerð og stöðvarhúsi sem mikilvægt er að mati stofnunarinnar að sjá sem eina samþætta framkvæmd. Auk þess er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að skoða ekki einungis stærð, afl og umfang virkjana heldur einnig umhverfisáhrif á ólíkum svæðum með mismunandi verndargildi.

Stofnunin minnir á að fyrir vindorkuframkvæmdir miðar tilkynningarskylda ofangreindra laga um mat á umhverfisáhrifum við uppsett raf afl stöðvanna en ekki hæð einstakra vindmylla en í stefnu sveitarfélags er miðað við að vindmyllur að hámarki 20 m á hæð sé stök framkvæmd. Umhverfisstofnun telur að slík framkvæmd kunni að hafa veruleg áhrif á ásynd lands sem fer þó eftir staðsetningu og útfærslu framkvæmdar og því ekki hægt að útiloka umhverfisáhrif með því einungis að tilgreina hámarks hæð.

Skógrækt

Í greinargerð kemur fram að á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika, s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja, verði uppgræðsla, endurheimt votlendis og skógrækt takmörkuð eða óheimil.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á friðlýstum svæðum og svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála tillögunnar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað.

Virðingarfyllt

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur